

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Íslenskur sjávarútvegur



Bryndís Björnsdóttir

Forstöðumaður lausna og ráðgjafar

Sjávarútvegsráðstefnan 2018, Hörpu, 15.-16. nóvember





HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun



1 ENGIN
FÁTÆKT



2 EKKERT
HUNGUR



3 HEILSA OG
VELLÍÐAN



4 MENNTUN
FYRIR ALLA



5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



6 HREINT VATN OG
SALERNISAÐSTÁÐA



7 SJÁLFBÆR
ORKA



8 GÓÐ ATVINNA
OG HAGVÖXTUR



9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



10 AUKINN
JÖFNUÐUR



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR
OG SAMFÉLÖG




12 ÁBYRG
NEYSLA



13 VERNDUN
JARÐARINNAR



14 LÍF Í
VATNI



15 LÍF Á
LANDI



16 FRÍÐUR OG
RÉttlæti




17 ALÞJÓÐLEG
SAMVINNA



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Hvað er sjálfbær þróun?

Þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum






Hvernig náum við heimsmarkmiðunum?

1 Kynning og miðlun

Miðlun, innleiðing og verkefnastjórn undir forsætisráðuneytinu
heimsmarkmid.is



2 Framkvæmd áætlana

Markmið og undirmarkmið

Kortlagning forgangsverkefna, áætlana og áskorana

3 Skoða stöðuna, endurmeta áætlanir

Mælikvarðar við hvert heimsmarkmið


Stöðuskýrsla fyrir Ísland (júní 2018)

Ráðherrafundur SP "High Level Political Forum on Sustainable Development"



Að þekkja heimsmarkmiðin

un.is/heimsmarkmidin





Markmið 1

Engin fátækt

Að útrýma fátækt í allri sinni mynd allstaðar

1.1 Eigi síðar en árið 2030 hafi sárir fátækt verið útrýmt alls staðar. Miðað verði við að enginn hafi minna á milli handanna en sem nemur 1,25 bandaríkjadöllum á dag til að framfleyta sér.

1.2 Eigi síðar en árið 2030 búi a.m.k. helmingi færri karlar, konur og börn, óháð aldri, við fátækt eins og hún er skilgreind í hverju landi.

1.3 Innleidd verði viðeigandi félagsleg kerfi í hverju landi öllum til handa, þ.m.t. lágmarksframfærsluviðmið, sem styðji frá og með árinu 2030 allverulega við fátæka og fólki í viðkvæmri stöðu.

1.4 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir, karlar sem konur, og þá einkum fátækt fólki og fólki í viðkvæmri stöðu, eigi jafnan rétt til efnahagslegra bjargráða og hafi sama aðgengi að grunnþjónustu, eignarhaldi á og yfirráðum yfir landi og öðrum eignum, erfðum, náttúruauðlindum, viðeigandi tækninýjungum og fjármálaþjónustu, þ.m.t. fjármögnun smærri fjárfestinga.


1.5 Eigi síðar en árið 2030 verði staða fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu styrkt með fyrirbyggjandi aðgerðum til að bregðast við alvarlegum atburðum af völdum loftslagsbreytinga, efnahagslegum eða félagslegum áföllum, umhverfisskaða eða hamföllum.

1.A Tryggð verði margvísleg úrræði fyrir þróunarlönd, einkum þau verst settu, þar á meðal með aukinni þróunarsamvinnu, til að þeim standi til boða fullnægjandi og áreiðanleg aðstoð og hrint verði í framkvæmd áætlunum sem miða að því að útrýma fátækt í allri sinni mynd.

1.B Mótuð verði traust umgjörð um stefnumál, alþjóðleg, svæðisbundin og á landsvísi, sem byggist á þróunaráætlunum sem taka einkum mið af stöðu fátækra og kynjamismunun, í því skyni að tryggja að aukið fjármagn fari í aðgerðir sem miða að því að útrýma fátækt.









232 mælikvarðar







Forgangsmarkmiðin og íslenskur sjávarútvegur

- Innanlands
- Alþjóðasamstarf
- Innanlands + Alþjóðasamstarf



- 4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað
- umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt við-
 - eigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.



- 5.5 Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.



- 7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.

Umhverfisvænsti sjávarútvegur í heimi?
Benedikt Sigurðsson



Forgangsmarkmiðin og íslenskur sjávarútvegur

- Innanlands
- Alþjóðasamstarf
- Innanlands + Alþjóðasamstarf




- 8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði
- náð með fjölbreytni, tækninýjungum og
 - nýsköpun, meðal annars með því að beina
 - athygli að vinnuaflsfrekum geirum sem fela í
 - sér mikinn virðisauka.

- 8.4 Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til
- neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og
 - leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á
 - náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun
 - um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með
 - hátekjuríkin í fararbroddi.





- 9.5 Vísindarannsóknir verði eflar og tæknigeta
- atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar
 - á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið
 - 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað
 - störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja
 - milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rann-
 - sókna og þróunar hins opinbera og einka-
 - geirans verði aukin.






Tæknilegar
Samfélagslegar
Viðskiptastríð







Ísland í fremstu röð?
Sveinn Margeirsson
Föstudagur, Silfurberg A
9:45 – 11:30



Forgangsmarkmiðin og íslenskur sjávarútvegur

- • • • Innanlands
- • • • Alþjóðasamstarf
- • • • Innanlands + Alþjóðasamstarf



- 11.A** Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og
- umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla
 - svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með
 - því að styrkja áætlanir um byggðapróun á
 - landsvísu og innan svæða.



- 12.2** Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um
- sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauð-
 - linda náð.



- 13.2** Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði
- að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og
 - skipulagi.



Aðlögunaráætlanir vegna loftslagbreytinga

Aðlögun: viðbragð vegna loftslagbreytinga sem draga úr skaða eða nýta jákvæð áhrif


Aðlögunaráætlanir: til að draga úr tjónnæmni (e. vulnerability) og styrkja aðlögunarhæfni

Skýrsla Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP um áhrif loftslagbreytinga á sjávarútveg og fiskeldi leggur sérstaka áherslu á mikilvægi aðlögunaráætlana

Mikil þörf er á rannsóknum á áhrifum loftslagsbreytinga á íslenska innviði, atvinnuvegi og samfélag.

Þarft að setja markmið og áætlanir fyrir mismunandi atvinnuvegi






ClimeFish

Verktími 2016-2020

Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni sjálfbærni í framleiðslu sjávarafurða þar sem áhrif hlýnunar jarðar eru tekin með í reikninginn við stjórnun veiða og eldis. Í verkefninu verða spálíkön nýtt til að meta áhrif hlýnunar jarðar á útbreiðslu og stærð mikilvægra fiskistofna. Möguleg úrræði til að lágmarka áhættu eða nýta ný tækifæri sem skapast af völdum hnattrænnar hlýnunar verða könnuð með það að markmiði að bæta langtímastjórn á nýtingu fiskistofna.

Samstarfsaðilar



ClimeFish verkefnið

Aðferðafræði til að setja upp aðlögunaráætlun fyrir sjávarútveg og fiskeldi

Vinnan getur nýst til að gera aðlögunaráætlanir fyrir íslenskan sjávarútveg

- Greina áhættur og tækifæri sem loftslagsbreytingar eru líklegar til að hafa í för með sér
- Greina efnahagsleg og samfélagsleg áhrif
- Greina hvar helstu veikleikarnir liggja
- Forgangsröðun aðlögunaraðgerða



Forgangsmarkmiðin og íslenskur sjávarútvegur

- Innanlands
- Alþjóðasamstarf
- Innanlands + Alþjóðasamstarf



- 14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.
- 14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.
- 14.3 Unnið gegn súrnun sjávar og skaðlegum áhrifum haldið í skefjum, t.d. með því að efla vísindasamstarf á því sviði.
- 14.C Vernda og efla sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess með því að framfylgja alþjóðalögum, sbr. ákvæði þar að lútandi í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um varðveislu og sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess og nefnt er í 158. gr. í skýrslunni „The future we want“.

Örplast í sjó og sjávarfangi

Hrönn Ó. Jörundsdóttir

Blái herinn og umhverfismál

Tómas Knútsson

Súrnun sjávar, fiskar og framtíðin

Hrönn Egilsdóttir





Íslenskur sjávarútvegur og heimsmarkmið SP

Til þess að stuðla að sjálfbærni og viðhalda lífi mannkyns á jörðinni þarf að endurhugsa viðskiptamódel heimsins

Lykilatriði:

- Sjálfbærni -> umhverfis-, félags- og efnahagslegar áskoranir
- Samfélagsábyrgð -> ábyrg umgengni um náttúruna og samfélagið
- Nýjar leiðir/lausnir til að mæta áskorunum -> nýsköpun, tækniþróun, bætt nýting

Við hlökkum til að vinna að þessum áskorunum með ykkur!



Takk fyrir!



Hafið samband:
bryndis@matis.is